Fundargerð 21. fundar stjórnar Minjasafnsins á Akureyri 31. maí 2021

Haldinn í Minjasafninu á Akureyri kl. 16:00.

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, formaður, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Sigríður Rósa Sigurðardóttir, Hanna Rósa Sveinsdóttir og Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri.

1. Fundargerð fyrri fundar yfirfarin og undirrituð.

2. Ársreikningur 2020

Lagður var fram endurskoðaður ársreikningur Minjasafnsins á Akureyri 2020. Reikningarnir eru endurskoðaðir af Hólmgrími Bjarnasyni hjá Deloitte og eru án athugasemda.

Hanna Rósa Sveinsdóttir kynnti reikninginn.

Niðurstaða ársins er framar vonum í Covid-19 ástandinu með tilheyrandi tekjufalli. Tekjur lækkuðu um 71% eða um 28,1 milljón kr. vegna minni tekna af aðgangseyri, veitinga- og minjagripasölu. Samdrátturinn verður að stærstum hluta í Laufási eða um 23 milljónir. Að sama skapi hækka framlög eigenda um 8% og fengnir styrkir milli ára. Rekstrarkostnaður hefur verið dreginn saman og lækka laun og annar starfsmannakostnaður um 8% milli ára vegna færri sumarstarfsmanna og vegba endurgreiðslu Vinnumálastofnunar á launakostnaði verkefnaráðinna starfsmanna. Þá lækkar rekstrarkostnaður fasteigna um 45% milli ára þar sem ekki varð að viðhaldi á Minjasafnskirkjunni þetta árið. Annar rekstrarkostnaður lækkar um 14% og eru flestir kostnaðarliðir að lækka vegna aðhalds í rekstri safnsins vegna áhrifa Covid-19.

Gerð hefur verið upp skuld við Akureyrarbæ kr. 12,9 milljónir.

Ársreikningurinn var borinn upp til atkvæða og samþykktur samhljóða.

3. Aðalfundur 2021.

Aðalfundur hefur verið boðaður skv. stofnskrá safnsins og hafa allir eigendur safnsins boðað komu sína. Fundarstjórn verður í höndum Hólmkels Hreinssonar, amtsbókavarðar.

4. Önnur mál.

Safnstjóri sagði frá því að Karl-Werner Schulte myndi heimsækja Akureyri í júlí en væntanlegri ferð þar sem hann færði Akureyrarbæ nokkur kort til viðbótar í Íslandskortasafnið hefði þurft að fresta fram í lok október vegna Covid óvissu.

Safnstjóri sagði frá því að Akureyrarbær væri að hefja framkvæmdir við stíg að Nonnahúsi sem hefðu verið stöðvaðar í apríl sl. Nonnahús yrði því lokað um óvissan tíma að sama skapi hefði opnunartími í Leikfangahúsinu verið lengdur í 11-17 til að bæta upp væntanlegt tjón af lokun Nonnahúss yfir aðal gesta tímann.

Fundi slitið 17:30

Fundargerð ritar HÞE